

2018-2019

# Starfsáætlun Krakkalands – frístundaheimili Snælandsskóla



Maríanna Guðbergsdóttir

Kópavogsbær

2018-2019

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Hagnýtar upplýsingar .....	2
Gjaldskrá og innheimta .....	4
Gjaldskrá .....	4
Innheimtuferli .....	4
Daglegt starf veturinn 2016- 2017 .....	4
Áherslur í starfi.....	4
Húsnæði .....	4
Dagskipulag í Krakkalandi .....	5
Siðdeginhressing.....	6
Klúbbastarf og Fagraland .....	6
Samstarf við skólanн .....	7
Samstarf við íþróttafélög .....	8
Skólabragur í Krakkalandi.....	8
Einelti .....	9
Barnalýðræði.....	9
Samstarf við foreldra .....	9
Öryggi og verkferlar .....	10
Innra og ytra mat .....	12
Innra mat.....	12
Ytra mat.....	12
Símenntunaráætlun .....	13
Yfirlit yfir viðburði á skólaárinu .....	13

## Inngangur

Í þessari starfsáætlun er gert grein fyrir starfssemi Krakklands, frístundaheimilis Snælandsskóla, í Kópavogi. Hlutverk Krakklands er að bjóða upp á innihaldsríkt frístundastarf fyrir börn í 1.- 4. bekk skólans. Frístundaheimili eru hluti af starfi grunnskólanna og starfa á grundvelli 33. greinar grunnskólalaga (91/2008). Í daglegu starfi frístundaheimila er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám með virkri þáttöku í frístundastarfi í öruggu umhverfi. Börnin fá tækifæri til að takast á við verkefni sem hæfa aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á að fléttu grunnþætti menntunar, sem eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*, inn í daglegt starf. Öll börn, óháð getu, þroska eða fötlun skulu eiga kost á að taka þátt í því starfi sem þar fer fram á sínum forsendum. Skipulag dægradvala miðast við aldur og þroska barna frá 1.-4. bekk og skulu skólar gera ráðstafanir til að hvetja alla árganga til þáttöku. Samvinna frístundastarfs við íþrótt- og tómstundafélög og leikskóla miðar að því að gera vinnudag barnanna heildstæðan. Starfsfólk frístundaheimila skal koma fram við børnin af virðingu og hlýju.

Skólastjórar eru yfirmenn frístundastarfs í skólunum og bera ábyrgð á faglegu starfi og á að framkvæmd þess sé í samræmi við stefnu bæjarins í málaflokknum. Skólastjóri sér um að ráða forstöðumann sem ber ábyrgð á að skipuleggja og stjórna daglegu starfi. Forstöðumaður getur óskað eftir ráðgjöf frá séermenntuðum ráðgjafa á sviði tómstundamála.

Á skólaárinu 2018- 2019 er starfsáætlun fyrir frístund birt í þriðja sinn. Forstöðumaður sér um að skrifa og uppfæra starfáætlunina fyrir frístundaheimilið árlega. Starfsáætlun er kynnt og samþykkt í skólaráði í byrjun skólaárs og skilað til skólanefndar fyrir 1. október ár hvert. Starfsáætlun birtist jafnframt á heimasíðu skólans og er upplýsinga- og kynningarit fyrir foreldra, starfsmenn og aðra þá er starfið varðar.

## Hagnýtar upplýsingar

Frístundaheimili Snælandsskóla heitir Krakkaland. Börnin völdu sjálf nafn á frístundina sína haustið 2015 og héldu kosningar í kjölfarið þar sem Krakkaland fékk flest atkvæði. Í Krakkalandi eru skráð u.p.b. 70 börn úr 1. og 2.bekk og auk þess eru u.p.b. 50 börn úr 3. og 4. bekk skráð í klúbbastarf og í Fagralandi (frístundaheimilið í Fagralundi) skólaárið 2018-2019.

### Fjöldi barna eftir aldrí

- 1.bekkur: 22
- 2.bekkur: 49
- 3.bekkur: 37
- 4.bekkur: 17

**Samtals: 125**

Forstöðukona Krakklands er Maríanna Guðbergsdóttir og er hún með B.A. gráðu í uppeldis- og menntunarfræði og M.A. gráðu í kynjafræði. Hægt er að ná sambandi við Maríonnu í tölvupósti [mariannag@kopavogur.is](mailto:mariannag@kopavogur.is) eða í síma 441 4232. Aðstoðarforstöðumaður Krakklands er Þorleifur Sigurlásson og hefur hann yfirumsjón með starfsemi Fagralands. Hægt er að hafa samband við Þorleif í tölvupósti [thorleifur@kopavogur.is](mailto:thorleifur@kopavogur.is).

## Opnunartími

Krakkaland er opið frá 13:10 til 17:00 alla kennsludaga, flesta starfsdaga, á foreldraviðtalsdögum skólans og í jóla- og páskafrí. Lokað er á skólastetningardagi og auk þess er einn starfsdagur á önn, þar sem

starfsfólk frístundaheimiklisins undirbýr starfið. Lokað er í vетrafrí og á Þorláksmessu. Á blaðsiðu 13 má sjá yfirlit yfir opnunardaga í Krakkalandi.

### Opnun í jóla- og páskafírum og í skólaslitaviku

Á skólaárinu 2018-2019 verður boðið upp á opnun í jóla- og páskafrí í þriðja sinn. Krakkaland verður opið í jólafrí skólans fram að Þorláksmessu og á virkum dögum í Dymbilvikunni. Þar að auki er opið á virkum dögum í vikunni sem skólaslit fara fram fyrir börn í 1. og 2. bekk til að brúa bilið þar til sumarnámskeið hefjast. Dagana á milli jóla- og nýárs og 2. Janúar verður opið í tveimur frístundaheimilum, þ.e. einum í neðri byggð og öðrum í efri byggðum, fyrir öll börn sem skráð eru í frístund í grunnskólum Kópavogs og vilja sækja þessa þjónustu. Frístundaleiðbeinendur frá öllum frístundaheimilum við grunnskóla Kópavogs skipta með sér að vinna á þessum tínum og mun frístundaleiðbeinandi úr Krakkalandi fylgja börnunum. Frístundaheimili eru lokað á Þorláksmessu, aðfangadag og gamlársdag.

Opnunartími í jóla- og páskaoopnun er frá kl. 8:00 til 16:00. Börnin hafa með sér þrjú nesti, fyrir morgunhressingu, hádegismat og síðdegishressingu. Lágmarksfjöldi skráðra barna hvern dag er 15 börn. Ef opnunartími skerðist vegna takmarkaðrar skráningar verður það tilkynnt þegar skráning liggur fyrir. Sækja þarf sérstaklega um dvöl fyrir viðkomandi daga inn á íbúagátt og greitt er sérstaklega fyrir þessa daga.

### Forföll og tilkynningar

Forföll og aðrar upplýsingar þarf að tilkynna fyrir kl. 12 hvern dag á netfangið [mariannag@kopavogur.is](mailto:mariannag@kopavogur.is) eða í síma 441 4232. Einungis er í boði að hringja í okkur eftir klukkan 13:00 ef um neyðartilvik er að ræða. Foreldrar sækja ýmist börn sín eða geta leyft þeim að labba heim á ákveðnum tínum. Mikilvægt er að starfsfólk hafi skýrar upplýsingar varðandi heimferðir barnanna og að þær berist á réttum tíma.

### Listi yfir starfsfólk Krakkalands 2018 - 2019

Ana Maria Iriarte Paredes

Frístundaleiðbeinandi

Ásdís Ólafsdóttir

Klúbbastarf

Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir

Frístundaleiðbeinandi

Hekla Maídís Sigurðardóttir

Frístundaleiðbeinandi/ gæðastund

Hinrik Jón Stefánsson

Frístundaleiðbeinandi /gæðastund

Ingibjörg Fanney Pálsdóttir

Frístundaleiðbeinandi

Krystyna Gorzkowska

Frístundaleiðbeinandi

Mariánnna Guðbergssdóttir

Forstöðukona

Sigríður Erla Hákonardóttir

Stuðningsfulltrúi

Sylwia Wirkus

Frístundaleiðbeinandi/ gæðastund

Þorleifur Sigurlásson

Aðstoðarforstöðumaður/ gæðastund

## Gjaldskrá og innheimta

### Gjaldskrá

Skráning í Krakkaland fer fram á netinu, í gegnum íbúagátt Kópavogsbæjar. Hægt er að velja hálfa og heila tíma. Viðkomandi þarf að vera með íslykill eða rafræn skilríki til að geta skráð sig inn í íbúagáttina.

<https://ibuagatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2fdefault.aspx>

Frestur til þess að sækja um dvöl, breyta dvalartíma, segja upp dvöl og/eða sækja um afslátt er til 20. hvers mánaðar. Breytingar taka gildi frá og með næstu mánaðamótum á eftir. Afsláttur er veittur einstæðum foreldrum, öryrkjum (75% örorka eða meira) og námsmönnum (báðir foreldrar í námi). Afsláttur er ekki veittur afturvirkt.

Gjaldskrá má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar <http://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

### Innheimtuferli

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar og fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- 1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt fyrirfram.
- 10. hvers mánaðar** er eindagi.
- 12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfa bæjarins fer af stað.
- 20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfa bæjarins, þá er send áminning frá innheimtudeild til þeirra sem ekki hafa greitt.
- 10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Momentum hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginnheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.

Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveim mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp (sjá eyðublað um uppsögn í fylgiskjölum) frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

## Daglegt starf veturinn 2018- 2019

### Áherslur í starfi

Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsrík frístundastarf fyrir öll börn á yngsta stigi grunnskóla sem einkennist af frjálsum leik og vali. Þannig aðstoða þau fjölskyldur við að sameina fjölskyldu- og atvinnulíf og gefa börnum kost á auknu sjálfstæði innan vissra marka og skapa eigin menntaferla. Áhersla er lögð á að byggja upp barnamiðað starf þar sem öll börn geta fundið verkefni og leik eftir sínum áhugamálum, fengið að prófa fjölbreytt tómstundastarf og þróa þannig persónuleika sinn í gegnum leik og skapandi starf.

### Húsnaðri

Krakkaland er til húsa í F-álmu Snælandsskóla. Þar eru þrjár kennslustofur (Krakkahjarta, Miðjan og Krakkaskot) þar sem daglegt starf fer fram. Í ágúst 2017 var opnað nýtt rými í Fagrilundi sem heitir

Fagraland. Þar er boðið upp á frjálsan leik, skapandi starf og klúbbastarf fyrir börn í 3. og 4. bekk. Auk þess nýtir Krakkaland eftirtaldar stofur í skólanum:

- Matsal fyrir hressingu
- Bókasafn
- Gamla íþróttasalinn
- Hinar ýmsu stofur fyrir klúbbastarf og hópa

## Dagskipulag í Krakkalandi

Krakkaland opnar um leið og kennslu lýkur hjá yngsta stigi skólans. Stundatöflur í 1. og 2. bekk eru hannaðar þannig að einn árgangur er alltaf í umsjón Krakkalands frá kl. 12:30 á meðan hinn árgangurinn er í verkgreinahringekju til kl 13:50. Þegar börn eru í Krakkaland á þessum tíma, kallast það Gæðastund (sjá nánar í kafla Gæðastund). Þar fá þau að leika sér bæði öll saman í skipulögðum hópleikjum- og verkefnum en einnig frjálst til kl. 13:50 þegar síðdegishressing tekur við. Árgangur sem er í kennslu til 13:50 fer beint í hressingu og svo er útivera fyrir öll börn. Að því loknu, eða rúmlega kl 14:30 hefst hópastarf þar sem börnin geta skráð sig í þá hópa sem eru í boði. Hópastarfi lýkur kl. 16:00 og þá sameinast börnin og starfsfólk aftur í Krakkahjarta þar til þau eru sótt.

Föstudagar er frábrugðnir. Þá lýkur skóladegi allra kl. 13:10 og útivera er fyrir síðdegishressingu. Eftir hressingu er boðið upp á bíó í Miðjunni, íþróttasal og litla föndurhópa.

## Kennaratímar

Flesta daga er einnig boðið upp á kennaratíma þar sem kennrarar og/eða annað starfsfólk sér um ákveðin verkefni. Í veturn er eftirtaldir verkefni í boði:

- **Mánudagar:** Kór: ýmis verkefni með reglulegum tónleikum fyrir foreldra.  
Bókasafnið: Litlir hópar fá að fara í rólega stund á bókasafnið.
- **Priðjudagar:** Sköpun: ýmis skapandi verkefni, allt frá föndri og dansi í söng og leiklist.
- **Miðvikudagar:** Föndur í Krakkaskoti.
- **Fimmtudagar:** Hljómaspil: fjórar til fimm vikna hljóðfærnanámskeið, lýkur með tónleikum fyrir foreldra og viðurkenningu.
- **Föstudagar:** Milli himins og jarðar. Börnin fá að gera allt milli himins og jarðar.

## Skráningatafla

Á töflu í anddyri Krakkalands fer fram skráning í hópastarf Krakkalands auk þess sem þar eru skráðar allar rútur og æfingar sem börnin sækja. Sambærilega töflu er einnig að finna í Fagralandi. Taflan einfaldar foreldrum, börnunum og starfsmönnum að sjá hvar barnið er á hverjum tíma um leið og börnin læra að taka ábyrgð. Lögð er áhersla á að kenna börnunum að halda sjálf utan um eigin skráningu. Áhersla er lögð á að börnin fái tækifæri til að velja sjálf hvað þau gera á hverjum degi. Með fjölbreyttu starfi og möguleika á sjálfskráningu læra börnin að bera ábyrgð á vali sínu. Kerfið er krefjandi bæði fyrir starfsmenn og börn. Starfsmenn þurfa að halda vel utan um skráninguna, minna börnin á að skrá sig rétt og aðstoða foreldra og forráðamenn við að finna börnin sín. Mikilvægt er að börnin læri að nota töfluna rétt og virða mikilvægi hennar.

## Síðdegishressing

Öll börn sem skráð eru í Krakkaland fá síðdegishressingu sem stendur yfir frá 13:40 til 14:10. Síðdegishressing er innifalin í skráningagjaldi þá daga sem barnið er skráð og kostar 135 kr á dag. Við leggjum áherslu á fjölbreyttan matseðil. Á miðvikudögum erum við alltaf með grænmetisveislu og popp-eða hrökkex en á föstudögum er ömmubakstur.

Dæmi um matseðil:

Matseðill vikunnar 17.-21.september				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Rúgbrauð með smjöri	Brauð með osti og sultu	Grænmetisveisla Poppkex með osti	Skyr	Ömmubakstur
Mjólk og vatn	Mjólk og vatn	Vatn	Mjólk og vatn	Mjólk og vatn
Epli/appelsínur/perur/bananar				

Matseðill vikunnar 24.-28.september				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Brauð með mysing	Jógúrt með Cheerios	Grænmetisveisla Poppkex með osti	Flatkökur með smjöri og hangikjöti	Ömmubakstur
Mjólk og vatn	Mjólk og vatn	Vatn	Mjólk og vatn	Mjólk og vatn
Epli/appelsínur/perur/bananar				

Matseðill vikunnar 1.-5.október				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Brauð með skinku og osti	Skyr	Grænmetisveisla Poppkex með osti	Skonsur með osti	Ömmubakstur
Mjólk og vatn	Mjólk og vatn	Vatn	Mjólk og vatn	Mjólk og vatn
Epli/appelsínur/perur/bananar				

Börnin hjálpa til við síðdegishressinguna. Hópur sjálfboðaliða mætir aðeins á undan ásamt starfsmanni til að leggja á borðin, smyrja og ganga svo frá eftir hressinguna. Fyrir vinnuframlagið fá sjálfboðaliðarnir smá verðlaun. Ávaxtabitar og afgangar eru gjarnan í boði seinni part dagsins, milli 15:30 og 15:45. Síðdegishressing fyrir börn í 3. og 4. bekk fer fram í Fagralandi og stendur yfir frá kl. 13:50-14:20.

## Klúbbastarf og Fagraland

Fagraland er frístund fyrir börn í 3. og 4. bekk og er til húsa í Fagralundi. Klúbbastarf er í boði fyrir börn í 3. og 4. bekk. Markmiðið er að bjóða upp á ólíkt starf fyrir þennan aldurshóp til að koma til móts við þeirra þarfir. Flestir nemendur í 3. og 4. bekk telja sig vaxna upp úr starfi Krakkalands. Klúbbastarfið fer því ekki fram í húsnæði Krakkalands heldur í kennslurými eldri nemenda og í Fagralandi. Kennrar skólans og þrír frístundaleiðbeinendur halda utan um starfið.

Hér að neðan má sjá yfitlit yfir klúbbastarfið á haustönn 2018. Skipulagið er endurskoðað um áramót og breytingar gerðar í samráði við börnin.

Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar	Föstudagar
<b>Tækniklúbbur:</b> Ásdís Ólafsdóttir.	<b>Ævintýraklúbbur:</b> Hinrik Jón Stefánsson.  <b>Sköpunarklúbbur:</b> Ásdís Ólafsdóttir	<b>Íþróttaklúbbur:</b> Jón Óttar.	<b>Fótboltaklúbbur:</b> Þorleifur Sigurlásson.	<b>Milli himins og jarðar:</b> Ásdís Ólafsdóttir.
Frjáls leikur í Fagralandi	Frjáls leikur í Fagralandi	Frjáls leikur í Fagralandi	Frjáls leikur í Fagralandi	Frjáls leikur í Fagralandi

### Samstarf við skólann

Gott samstarf milli skóla og frístundaheimilis er lykilatriði í því að styðja sem best við þroska og líðan barna í skólanum. Lagagrein í grunnskólalögum um frístundastarf (gr. 33a, 91/2008) gerir ráð fyrir að skóla- og frístundastarf sé samþætt með það að markmiði að bjóða upp á heilstæðan skóladag fyrir börnini. Snaelandsskóli er með þróunarverkefni um slíkt samstarf milli skóla og frístundar sem heitir Gæðastund. Auk þess er lögð áhersla á gott upplýsingaflæði á milli Krakklands og kennara skólans. Forstöðumaður Krakklands sækir alla starfsmanna-, deilda- og kennarafundi, situr teymisfundi vegna barna með sérþarfir og heimsækir ásamt yfirmanni sérkennslu helstu leikskóla sem senda börn í Snaelandsskóla. Þar að auki er forstöðumaðurinn fulltrúi almennra starfsmanna í skólaráði og situr í jafnréttisnefnd skólans.

### Gæðastund

Gæðastund er verkefni í Snaelandsskóla þar sem börn í fyrsta og öðrum bekk fá uppbrot frá hefðbundnum skóladegi tvívar í viku í umsjón frístundaleiðbeinenda Krakklands. Verkefnið er hluti af hefðbundnum skóladegi og hófst haustið 2014. Markmið verkefnisins er að auka samstarf skólans og frístundar, efla félagsfærni barnanna og gefa frístundaleiðbeinendum kost á því að kynnast börnunum betur í litlum hópum.

Gæðastund á sér stað bæði í Krakkahjarta og í gamla íþróttasal skólans og fá allir bekkir jafnan aðgang að báðum svæðum. Hver Gæðastund hefst á einum eða fleiri sameiginlegum hópleikjum þar sem öll börn eiga að taka þátt í en svo fá þau einnig tækifæri að leika sér frjálst með vinum sínum. Á meðan hópleikir efla félagsfærni þeirra og styrkja samvinnu í bekknum, fá börn með stjórn á frjálsum leik hlut af Gæðastundinni sjálf. Einnig gefur frjáls leikur frístundaleiðbeinendum kost á að fá innsýn íugarheim barnanna og vinatengls þeirra á milli.



Skólaárið 2018-2019 er Gæðastund haldin mánudaga til fimmtudaga frá 12:30- 13:10. 1. bekkur mætir á þriðjudögum og fimmtudögum en 2. bekkur er á mánudögum og miðvikudögum. Klukkar 13.10 fá börnin að leika sér áfram eða skipulagt hópastarf er þangað til síðdegishressing byrjar kl 13:40.

### Samstarf við íþróttafélög

Krakkaland er í samstarfi við íþróttafélög Kópavogs. Samstarfið felst í því að börnin eru send í rútur á æfingar. Allar rútur leggja af stað frá Fagralundi. Starfsfólk Krakklands sér til þess að börnin leggja tímanlega af stað og fari örugglega með rútunni. Einnig eru börnin send á æfingar í nágrenninu.

Því miður geta krakkarnir ekki skipt um föt í skólanum fyrir æfingar. Best er ef krakkarnir mæta í fötum sem þeir geta síðan æft í svo þeir þurfi aðeins skipta um skó áður en farið er á æfingu. Mikilvægt er að forráðafólk sendi tölvupóst á [mariannag@kopavogur.is](mailto:mariannag@kopavogur.is) ef óskað er eftir því að barn sé sent í rútu. Þar þurfa að koma fram upplýsingar um nafn barnsins, íþróttagrein og rútu sem barnið á að taka.

Nú í ár er í fyrsta skipti sem íþróttafélögini sameina rútuferðir sínar í eina svokallaðan íþróttá- eða tómstundavagn. Mikil vinna fólst í því að skipuleggja og útbúa tímaáætlun og mun hún verða endurskoðuð um áramótin.

### Skólabragur í Krakkalandi

Krakkaland er staður fyrir börn. Áhersla er lögð á að börnunum finnist gaman í Krakkalandi og að allir finni viðfangsefni við sitt hæfi og áhuga. Reynt er að koma til móts við óskir og athugasemdir barnanna með fjölbreyttum svæðum og tómstundastarfi.

Reglur í Krakkalandi endurspeglar þessi áherslur:

- Við erum öll vinir.
- **Við berum virðingu hvert fyrir öðru.**
- Við virðum skráningatöfluna og þössum okkur að færa enga miða nema okkar eigin.
- Við skráum okkur inn og út úr Krakkaland og þössum upp á að miðinn okkar sé alltaf á réttum stað.
- Við göngum á göngunum.
- **Við erum bara á þeim svæðum sem við megum vera á, bæði inni og úti.**

Sérstaklega mikilvægar eru þessar tvær reglur: um virðingu gagnvart öðrum (bæði börnum og starfsfólki) og um virðingu gagnvart svæðum. Þegar börnin brjóta þessar tvær reglur ítrekað og hætta ekki þrátt fyrir

Bæjarlína 1				
	Yfirfall	Ferð 1	Ferð 2	Ferð 3
Kársnesskóli Vallargerði	13:30	13:45	14:50	15:30
Kópavogsskóli		13:50	14:55	15:35
Fagrilundur	13:17	14:00	15:05	15:45
Skálaheiði Digranesi		14:05	15:10	15:50
Smáinn Fifa		14:13	15:18	15:58
Smáinn Smáraskóli		14:15	15:20	16:00
Lindaskóli		14:20	15:25	16:05
Salaskóli	13:40	14:25	15:30	16:10
Hörðuvallaskóli Strætóstopplistöð	13:42	14:28	15:33	16:13
Kóriinn	13:45	14:30	15:35	16:15
Vatnsendaskóli	13:50	14:35	15:40	16:20

Bæjarlína 2				
	Ferð 0	Ferð 1	Ferð 2	Ferð 3
Vatnsendaskóli		13:50	14:40	15:45
Kóriinn		13:55	14:45	15:50
Hörðuvallaskóli Strætóstopplistöð		14:05	14:46	15:51
Salaskóli		14:10	14:50	15:55
Lindaskóli		14:15	14:55	16:00
Smáinn Fifa		14:20	15:00	16:05
Smáinn Smáraskóli		14:22	15:02	16:07
Skálaheiði Digranes		14:30	15:10	16:15
Fagrilundur		14:35	15:15	16:20
Kópavogsskóli		14:45	15:25	16:25
Kársnesskóli Vallargerði		14:50	15:30	16:30

að starfsfólk sé búið að tala við þau, missa þau frelsi til að velja sig inn á svæði. Foreldrar eru upplýstir ef til þess kemur með stuttu spjalli í lok dags eða í tölvupósti frá forstöðufólki.

### [Einelti](#)

Krakkaland er hluti af skólastarfi Snælandsskóla. Skólinn er Olweusarskóli og vinnur margvisst gegn einelti. Krakkaland tekur þátt í öllum uppákomum tengdum áætluninni svo sem í Vinagöngu og öðrum uppbrotsdögum.

Í daglegu starfi er ýtt undir jákvæð samskipti milli barna, bæði í leik og í samræðum. Fylgst er með vinasamböndum barnanna og reynt að skoða allar hliðar málს þegar ágreiningur kemur upp. Eftir bestu getu er komið í veg fyrir einelti með því að styðja við jákvætt samband á milli barnanna og stuðla að því að öll börnin eignist vini.

Þegar tilkynning berst um grun um einelti er farið eftir Oelweusar áætlun og unnið í málinu í samstarfi við bekjkakennara, námsráðgjafa, skólastjórn og aðra sem að málinu koma.

Þar að auki hefur Snælandsskóli nýlega tekið upp Vináttuverkefni Barnaheilans sem hefur það markmiði að styrkja félagsfærni barna og vinatengsl þeirra á milli til að koma í veg fyrir einelti. Krakkaland á aðild að verkefninu í Snælandsskóla. Gæðastundin er oft notuð sem tími fyrir alls kyns vináttuverkefni og Krakkaland á bangsann Blæ sem aðstoðar við verkefnið.

### [Barnalyðræði](#)

Starfsemi Krakkalands mótaðist í samvinnu milli barnanna, starfsfólksins og annarra aðila svo sem foreldra, kennara og íþróttafélaga. Hugmyndir barnanna um innra starfið í Krakkalandi eru ræddar og framkvæmdar eftir bestu getu. Svokallaður hugmyndakassi er alltaf uppi þar sem börnin geta alltaf skrifað hugmyndir sínar á blað og sett í kassann. Reglulega förum við í sameiningu yfir hugmyndirnar sem safnast hafa í kassann og renum að framkvæma flottar og skemmtilegar hugmyndir.

Stefnt er á að stofna Barnaráð Krakkalands sem fundar reglulega.

### [Samstarf við foreldra](#)

Foreldrasamstarf er mikilvægur hluti af daglegu starfi í Krakkalandi og á sér stað bæði í gegnum óformleg samtöl í lok dags þegar foreldrar sækja börnin sín en einnig í gegnum tölvupóst, símtöl og facebook síðu sem forstöðufólk Krakkalands heldur utan um. Þar eru settar inn upplýsingar um daglegt starf og viðburði svo sem starfsdaga, uppbrotsdaga eða annað. Á síðunni er einnig kynningarrefni s.s. á starfsmönnum Krakkalands, skipulagi og svæðum sem eru í boði.

Starf Krakkalands er kynnt í Vorskóla fyrir foreldrar barna í verðandi 1. bekk og í byrjun hvers skólaárs í sömu viku og námskynningar eru. Þar að auki er foreldrum boðið í jólakaffi á föstudagi í desember ár hvert og á útihátið í lok skólaárs, á föstudagi í lok maí eða byrjun júní.

**Á skólaárinu 2018-2019 leggjum við áherslu á að þróa samstarfið við foreldra markvisst áfram.**

## Öryggi og verkferlar

Verkferlar eru mikilvægir í daglegu starfi með börnum í Krakkalandi. Öllum starfsmönnum eru kynntir verkferlar reglulega og þeir yfirfarnir árlega.

### 1. Inn- og útskráning barna

Innskráning barna fer fram í A-álmu fyrir börn í 1. og 2. bekk þegar skóladegi þeirra lýkur milli 13:10 og 13:50. Innskráning barna úr 3. bekk fer fram í Fagralandi.

Útskráning barna er á hendi eins starfsmanns. Hann heldur utan um allar skráningamöppur, aðstoðar foreldra við að finna nafn barnsins á töflunni og sendir börn í rútur, á æfingar og heim.

### 2. Barn mætir ekki

Þegar barn úr 1.-3. bekk mættir ekki í Krakkaland er fyrst gengið úr skugga um að barnið hafi komið í skólann eða hvort skýring er á fjarveru þess. Ef engin skýring fæst er haft samband við foreldra og hafin leit.

### 3. Barn týnist

Þegar barnið týnist í Krakkalandi er hafin leit og gengið úr skugga um hvort barnið sé ennþá í skólabyggingunni eða á skólalóð. Starfsfólk frístundar skipta liði við leitina.

Ef leitin ber engan árangur er hringt í foreldra barnsins og athugað hvort barnið hafi farið heim, til fjölskyldumeðlims eða til vinar. Ef það skilar ekki árangri er hringt í lögreglu í samráði við foreldra.

### 4. Á ferð með börnum

Ferðir með börnum eru ekki hluti af daglegu starfi í Krakkalandi heldur eru það sérstakir viðburðir.

Öll börn eru klædd í gul endurskinsvesti. Það eru alltaf a.m.k. 2 starfsmenn með hópinn nema um mjög lítin hóp (<8 börn) sé að ræða. Priðji starfmaðurinn bætist við þegar hópurinn er stærri en 16 börn (lengri ferðir).

Börnin ganga í röð með einum starfsmanni fyrir framan hópinn og öðrum fyrir aftan. Priðji starfsmaðurinn er staðsettur við hliðina á röðinni. Þegar komið er í öruggt umhverfi mega börn hreyfa sig frjálst.

Þegar gengið er yfir gótu, skulu starfsmenn gæta þess að öll börnin nái að ganga yfir á sama tíma. Einungis er farið yfir gótu á merktum gangbrautum og þurfa starfsmenn að gæta þess að börnin séu sýnileg ökumönnum.

### 5. Tómstundavagninn

Starfsfólk Krakklands sendir börn í rútur á æfingar, óski foreldrar eftir því. Nauðsynlegt er að senda tölvupóst á forstöðukonu Krakklands [mariannag@kopavogur.is](mailto:mariannag@kopavogur.is) með upplýsingum um ferðatíma og þá vikudaga sem barn á að taka rútu. Ekki er nóg að barnið eitt viti að það eigi að taka rútu. Allar rútur stoppa við Fagralund.

Starfsmaður sem hefur það hlutverk að senda börn í rútu byrjar 15 mínútum fyrir brottför að safna þeim saman og senda af stað. Börnin skrá sig úr Krakkalandi og ganga sjálf yfir í Fagralund. Í Fagralundi tekur starfsmaðurinn Fagralands á móti þeim með nafnalista til að vera viss um að öll börnin hafi skilað sér.

Ef barn missir af rútunni er hringt um leið í foreldra og fundin lausn í samráði við þá.

## 6. Minniháttar meiðsli

Minniháttar meiðsl, svo sem lítil sár eru yfirleitt meðhöndluð með plástri og vatnssopa. Þegar um stærri óhöpp er að ræða, stór sár eða starfsmaðurinn er óöruggur um alvarleika óhapps er barnið sent til skólahjúkrunarfæðings sem ákveður hvað best er að gera. Ef hún er ekki við, er hringt í foreldra og næstu skref tekin í samráði við þá.

## 7. Alvarleg slys

Hringt er á sjúkrabíl ef um alvarleg slys er að ræða. Mikilvægt er að einn starfsmaður sinni barninu og annar hefur samskipti við neyðarlínuna. Annað starfsfólk hlúir að og heldur ró hjá hinum börnunum.

## 8. Ofnæmiskast

Börn með bráðaofnæmi eiga að vera með ofnæmispennum, annað hvort í töskunni sinni eða í skáp í Krakkalandi. Ef barn fær alvarlegt ofnæmiskast, fær það sprautu og hringt er á sjúkrabíl um leið. Haft er samband við foreldra. Þegar um væg ofnæmisviðbrögð er að ræða er hringt í foreldra og ráðstafarnir gerðar í samráði við þá.

## 9. Rýmingaráætlun

Þegar brunabjallan hringir fylgja börn sem eru í Krakkalandi sömu reglunum og gilda í skólanum. Þá fer starfsfólk með þeim út um næstu útihurð og allir safnast saman á gervigrasi, mynda þar einfalda röð fyrir framan tölu síns árgangs. Það gilda nokkrar sérstakar reglur sem starfsfólk þarf að gæta að. Allar hurðir í Krakkalandi eiga að vera ólæstar á hverjum degi þar sem þær lokast sjálfgraða ef kerfið fer í gang. Allt starfsfólk á að vera með innilykla á sér þar sem þeir þurfa að fara í gegnum húsið til að vera öruggir um að öll börnin séu farin úr húsi. Allir stofur eiga að vera læstar þegar kennrar eru farnir þaðan þar sem starfsfólk Krakklands á ekki tök á að yfirfara hverja stofu.

Starfsfólk skiptir hlutverkum sín á milli til að yfirfara skólahúsnaði á stuttum tíma og koma örugglega öllum börnum úr húsi. Það fer eftir því á hvaða svæði þeir vinna hverju sinni:

**Skráning:** Starfsmaður sem sér um skráningu ber ábyrgð á því að öll börn séu rétt skráð. Hann tekur með sér skráningablöðin, græna hendi og blýant á gervigras. Þar merkir hann við öll börnin svo að öruggt sé að ekkert barn vanti. Starfsmaður fer út með börnunum og lætur þau fara í röð eftir árgöngum.

**Starfsmaður sem sendir í rútur:** Starfsmaður sem sendir í rútur fer síðastur út úr Krakkalandi. Hann yfirfer öll herbergi, ganginn og klósettini niðri. Svo fer hann út til barnanna og starfsmanns sem annast skráningu og aðstoðar þar.

**Matsalur:** Starfsmaður sem sér um matsalinn yfirfer almenn svæði skólans til að gá hvort börnin séu að fela sig einhverstaðar. Hann fer upp á bókasafn, fram hjá tölvustofu og heimilisfræðisstofu. Svo þarf hann að athuga hjá námsráðgjafa og fara í gegnum matsal og í E-álmu. Hann fer út í gegnum útihurð í C-álmu og athugar um leið hvort börn séu þar eða uppi í risi.

**Innsta herbergi:** Starfsmaður sem sér um innsta herbergið þarf að senda öll börnin út í gegnum miðherbergið. Hann yfirfer svo neðri hæð skólans til að tryggja að ekkert barn sé eftir. Hann fer út í gegnum litla andyrið og kíkir undir stiga. Svo fer hann í Iglo og textílstofu til vinstri til að athuga hvort börn séu við tónlistastofu. Að lokum fer hann í D-álmu og út við miðstigsróló. Hann tekur með sér öll börn sem eru í nágrenni Fagralundar og mætir með þau á gervigrasið.

**Miðherbergi:** Starfsmaður fer með börnunum út úr Krakkalandi og fer svo upp útistigann til að athuga hvort börn séu á körfuboltavellinum á suðurlóð. Svo fer hann niður að gangstéttinni og mætir einnig á gervigrasið.

**Sérvæði (íþróttasalur, tölvustofa, gryfjan o.sv.fr.):** Starfsmenn á sérvæðum láta börnin sín fara í röð og mæta með þeim út á gervigrasið.

**Forstöðumaður:** Forstöðumaðurinn hefur eftirlit, sérstaklega með þeim starfsmönnum sem eiga að yfirfara húsið og fylgst með því að þeir séu allir mætir á gervigrasið.

## Innra og ytra mat

### Innra mat

Hver frístund mótar kerfisbundið innra mat á árangri og gæðum starfsins. Innra mat skal vera samofið starfseminni og byggja á fjölbreyttum gögnum. Tekið skal mið af viðfangsefnum hverju sinni og mikilvægt að börn, foreldrar og starfsfólk taki þátt í matinu eftir því sem við á. Innra mat er umbótamiðað og birtist á heimasíðu skóla.

### Umbótaáætlun

Á skólaárinu 2018-2019 ætlum við að einbeita okkur að því að þráða áfram starfssemi í Fagralandi fyrir börn í 3. og 4.bekk með það markmiði að þráð innihaldsríkt frístundastarf fyrir þann aldurshóp sem tekur mið að áhuga þeirra og gerir þeim kleift að taka virkan þátt í að hafa áhrif á starfið.

Við ætlum að fá foreldra í lið með okkur til að kenna börnunum að bera ábyrgð á skráningunni sinni og viljum um leið bæta samskipti okkar við foreldra, bæði með óformlegum samtölum í lok dags og með formlegum upplýsingum frá Krakkalandi. Við settum upp hugmyndakassa þar sem börnin fá tækifæri að koma hugmyndum um starfið í Krakkalandi á framfæri.

### Ytra mat

Kópavogsbær ber ábyrgð á ytra mati frístundaheimila. Matið skal vera umbótamiðað og á ábyrgð sveitarstjórn að tryggja að viðeigandi umbætur verði gerðar. Við matið er stuðst við margs konar gögn og birtast sem hér segir:

*Tölulegar upplýsingar:* Í október ár hvert er gefnar út lykiltölur í skólastarfi þar sem birtast meðal annars tölur um frístundastarf s.s. fjölda barna í frístundaheimilum og fjölda barna í hópastarfi eftir kynum.

*Starfsáætlun:* Starfsáætlun er skilað árlega inn til Menntaráðs. Menntaráð fer yfir áætlunina og metur hvort hún sé í anda stefnu bæjarins í málefnum frístundastarfs.

*Viðhorfa kannanir:* Annað hvert ár eru viðhorf foreldra til starfsins könnuð.

*Úttekt á innra starfi:* Fimmta hvert ár er fengin utanaðkomandi fagaðili til að taka út innra starf frístundaheimilisins og hópastarfs. Skoðað er hvort stefna og starfsáætlun birtist í starfinu og hvernig innra mat og umbótaáætlun í kjölfar þess er samofin starfseminni.

*Úttekt á ytra umhverfi:* Kópavogsbær ber ábyrgð að að taka reglulega út skólalóðir- og húsnaði.

## Símenntunaráætlun

Endurmenntun starfsmanna á sér stað á skipulagsdögum. Á skólaárinu 2018-2019 leggjum við áherslu á að kynna fyrir starfsfólki Vináttuverkefni Barnaheilla ásamt jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við börnin.

## Yfirlit yfir viðburði á skólaárinu

### 2018

8.-22. ágúst	Sumardvöl fyrir börn í 1.bekk, opið 8:00-16:00
23. ágúst	Skólastuningadagur, skipulagsdagur í Krakkalandi
12. október	Sameiginlegur skipulagsdagur Snælandsskóla og Krakkalands
17. október	Viðtalsdagur, Krakkaland opið 8:00-17:00
18.-19. október	Vetraleyfi, Krakkaland lokað
19. nóvember	Skipulagsdagur, Krakkaland opið 8:00-17:00
10. desember	Jólatónleikar litla kórsins, staður og tími auglýstur síðar
14.desember	Jólakaffi fyrir foreldra í gryfjunni, tími auglýstur síðar
21.-22. desember	Jólaleyfi, Krakkaland er opið 8:00- 16:00, skráning í íbúagátt, lágmarksfjöldi: 15 börn
27.-28. desember	Jólaleyfi, eitt frístundaheimili opið í neðri byggð, frekari upplýsingar auglýstar síðar

### 2019

2. janúar	Jólaleyfi, eitt frístundaheimili opið í neðri byggð, frekari upplýsingar auglýstar síðar
3.janúar	Skipulagsdagur, Krakkaland opið 8:00-17:00
22. febrúar	Viðtalsdagur, Krakkaland opið 8:00-17:00
25.-26. febrúar	Vetraleyfi, Krakkaland lokað
6.mars	Öskudagur: Skertur skóladagur
19.mars	Sameiginlegur skipulagsdagur Snælandsskóla og Krakkalands
15.-17.apríl	Pásaleyfi, Krakkaland er opið ef lágmarksfjöldi næst: 15börn
25.apríl	Sumardagurinn fyrsti, Krakkaland lokað
1.maí	Verkalýðsdagurinn, Krakkaland lokað
17.maí	Skipulagsdagur, Krakkaland opið 8:00-17:00
30.maí	Uppstigninardagur, Krakkaland lokað
7.júní	Skólaslit, Krakkaland opið til kl.17:00

